

d. Vegur milli Hörðuvalla og Lækjargötu verður lokaður.  
Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 1. marz 1973.  
Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 14. febrúar 1973.*

**Einar Ingimundarson.**

## AUGLÝSING

**um umferð í Sandgerði í Miðneshreppi.**

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Miðneshrepps í Gullbringusýslu og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Sandgerði:

1. Umferð um **Suðurgötu** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Ásabraut, Túngötu, Austurgötu og Vesturgötu.
2. Umferð um **Strandgötu** hefir forgangsrétt fyrir umferð um Túngötu.
3. Umferð um **Austurgötu** hefir forgangsrétt fyrir umferð um Túngötu.
4. Umferð um **Norðurgötu** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Brekkustíg.
5. Einstefnuakstur er á hafnarvigtina við Hafnargötu frá vestri til austurs.  
Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. maí 1973.  
Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 3. maí 1973.*

**Einar Ingimundarson.**

## AUGLÝSING

**um bifreiðastöður í Njarðvíkurhreppi.**

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps í Gullbringusýslu og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Ytri-Njarðvík:

Bannað er að leggja stærri ökutækjum (vörubifreiðum og strætisvögnum) á **Holtsgötu** norðan Borgarvegar og á **Klapparstíg**.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. maí 1973.  
Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 3. maí 1973.*

**Einar Ingimundarson.**